

Sorpurðun Vesturlands hf
Bjarnarbraut 8
310Borgarnes

Reykjavík, 21. október 2019
UST201910-025/F.T.
08.14.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 4. október sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Sorpurðun Vesturlands vegna frávíka er skráð voru í eftirliti þann 26. júní 2019.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Árið 2018 voru urðuð 15.457 tonn sem er umfram heimild í starfsleyfi.
2. **Gr. 3.3 í starfsleyfi.** Sigvatn sem rennur í útrásarskurð skal hreinsað með fullnægjandi hætti, skurðurinn telst ekki sem þynningarsvæði og því má ekki gæta þar mengunar frá urðunarstaðnum. Niðurstöður mælinga á samsetningu sigvatns sýna að mengun er að berast í skurðinn.
3. **Gr. 5.1 í starfsleyfi.** Skráningum vegna tl. 3., 5. og 9.-11. hefur ekki verið skilað.
4. **Gr. 5.3 í starfsleyfi.** Fyrir útrásarskurð gilda umhverfismörk í B-lið fylgiskjals 1 með rg. 789/1999 um fráveitur og skólp sem og að gildi mega ekki falla um flokk miðað við fylgiskjal með rg. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Gildi á ammoníum og svifögnum samræmist ekki rg. 798/1999 og gildi á kopar og köfnunarefni falla um flokka miðað við rg. 796/1999.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 26. september sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 4. nóvember nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagesktir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og

mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.


Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á friggt@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst


Skúli Þórðarson
sviðsstjóri


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands